Myndlist

eftir VALTÝ PÉTURSSON

Gunnar Örn sýnir



Gunnar Örn: Kona með regnhlíf.

Síðastliðinn laugardag var mikið um að vera á Kjarvalsstöðum. Benedikt Gunnarsson opnaði stóra sýningu í Vestursalnum og Gunnar Örn Gunnarsson aðra sýningu í Kjarvalssal. En meðan á verkfalli stóð var heldur dauft yfir staðnum, aðeins FÍM-sýningin í öðrum sal hússins, en Kjarvalssalur auður. Það hefur annars ekkert lát verið á sýningarstarfsemi hér í borg að undanförnu og sannarlega kennt þar margra grasa. Þrátt fyrir þá staðreynd, að sýningar hafa gengið með verra móti undanfarið virðast myndlistarmenn ódrepandi við iðju sína, og er það vel. En æskilegt væri auðvitað, að þeir fengju einnig eitthvað fyrir snúð sinn og þyrftu ekki að borga fólki fyrir að skoða afrakstur elju sinnar. Það kostar nefnilega fúlgu fjár að halda sýningu í þeirri dýrtíð, sem ef til vill er sá versti óvinur, sem listamenn verða að berjast við eins og stendur. En listin er strangur húsbóndi og gefur þeim engin grið, sem á annað borð verða henni ánetjaðir. Því verður hún ætíð til, hvað sem á gengur og hvaða nafni sem það nefnist, styrjaldir, hungur, verðbólga. Án listar verður ekki lifað, hvað sem hver segir.

Gunnar Örn Gunnarsson er afar dugmikill málari, sem þegar hefur sýnt, að óvenjulegur hæfileikamaður er þar á ferð. Hann hefur menntað sig algerlega sjálfur, og verður ekki séð, að það hafi komið honum í koll að gangast ekki undir bábyljur og málbandavísindi þeirra, sem trónað hafa yfir listkennslu og fordómafabrikkum þessarar aldar. Hann hefur að vísu ýmislegt lært af góðum mönnum í list sinni, og hann hefur haft næmt auga fyrir því, sem verið hefur í brennipunkti myndlistar undanfarin ár. Þannig hefur honum tekist að finna sér tjáningarform, sem byggt er á mannslíkamanum, en gert það að myndrænu meðali, sem túlkar ástríður og skaphita listamannsins. Hann hefur haldið margar sýningar á undanförnum árum, og nú seinast var hann með sýningu á teikningum á Loftinu við Skólavörðustíg. Sem stendur sýnir hann eingöngu olíumálverk, bæði stór og smá. Eru þau 68 talsins.

Hvernig sem á því stendur, finnst mér alltaf sýningar fara betur í Kjarvalssal en í Vestursalnum á Kjarvalsstöðum. Má vera, að stærðarhlutföll séu í betra samræmi þar en í stærri salnum. Þannig finnst mér þessi sýning Gunnars Arnar fara mjög vel, og hún hefur sérlega heillegan svip, enda eru viðfangsefni flestra verkanna það skyld, að ekki er mikið um andstæður nema í litameðferð, sem er miklu fjölbreytilegri hjá Gunnari en áður hefur verið á sýningum þeim, er ég hef séð frá hans hendi. Þetta er falleg sýning að mínum dómi, og það er eins og það hafi losnað um eitthvað hjá Gunnari, sem gefur þessum verkum meiri spennu og hreinni tón. Það mætti að vísu verða svolítil breyting á viðfangsefnum listamannsins. Það er eins og nóg sé komið af hinum sundurtættu kvenlíkömum, en auðvitað veit hann sjálfur best, hvenær hann hefur lokið sér af og hvenær tími er til kominn að bregða á ný viðfangsefni. Litameðferð Gunnars verður hreinni og hreinni eftir því sem hann vinnur meir, og það er einnig meiri fylling í litnum sjálfum en stundum áður. En allt frá því hann byrjaði að sýna olíumálverk, hefur hann vakið eftirtekt fyrir óvenju kröftuga litameðferð. Ég bendi á nokkur verk, sem mér þóttu ágæt á þessari sýningu Gunnars Arnar: nr. 11, 15, 20, 23, 26, 34, 39, 47, 51, 61 og 29. Það er ekki gott að gera upp á milli þessara verka Gunnars, þau eru yfirleitt mjög jöfn að gæðum, og hann er orðinn býsna fimur í meðferð lita og forms, sem hann virðist kunna utanbókar.

Að undanförnu hefur Gunnar Örn Gunnarsson verið einn þeirra listamanna, sem fengið hefur aðstöðu til vinnu uppi á Korpúlfsstöðum hjá Borgarstjórn. Má vera, að sú aðstaða hafi gert það að verkum, að hann virðist blómstra í list sinni eins og stendur. Ef þetta er rétt til getið hjá mér, hefur Borgarstjórn gert merkilegt átak, sem allir virðast hafa þagað yfir. Er það bannvara á Íslandi að þakka það, sem vel er gert, ef stjórnmálamenn eiga þar hlut að máli? Ef svo er, þá er þetta ellefu hundruð ára þjóðfélag lágkúrulegra en manni kom til hugar. Það er full ástæða til að óska Gunnari Erni til hamingju með þessa sýningu og þakka fyrir sig.

Miðaldaspjall

Magnús Magnússon: HAMAR ÞÓRS ÞRUMUFLEYGUR NORÐURSINS. 127 bls. Örn og Örl. Rvík, 1977.

HAMAR ÞÓRS er afar vegleg bók, ljósmyndir Werners Formans bæði listrænar og skýrandi, myndprentun með ágætum og frágangur allur hinn veglegasti. Útgáfa svona bókar kostar peninga, fyrirhöfn, en fyrst og fremst aðgát og nákvæmni.

Um texta Magnúsar Magnússonar er einnig margt gott að segja. Magnús er hér þjóðkunnur maður, þó búsettur sé í öðru landi, kemur hingað oft, kynnir Ísland vel erlendis — hefur enda góða aðstöðu til þess; og þegar fjörlegur svipur hans birtist á sjónvarpsskerminum íslenska kemur hann öllum í gott skap með hnyttnum tilsvörum. Þegar maður opnar bók eftir slíkan aufúsugest á maður óhjákvæmilega von á hinu sama; reynir að greina andlit hans gegnum texta bókarinnar. Því miður virðist mér fara lítið fyrir þeim líflega Magnúsi, sem við þekkjum gerst úr sjónvarpinu, í texta þessarar bókar. Textinn er fremur þurr og þar eð hann sýnist fyrst og fremst miðaður við lesendur erlendis er þess tæpast að vænta að íslenskur lesandi telji sig stórum fróðari að lestri loknum.

Í fyrsta hlutanum ræðir Magnús almennt um víkingaöldina, upphaf víkingaferða; veltir fyrir sér hvers vegna norrænir menn hófu slíkar ferðir og hví þeim varð svo mjög ágengt að þeir höfðu nánast hvarvetna sigur þegar völlurinn var mestur á þeim. Styðst Magnús meðal annars við fornleifar er grafnar hafa verið úr jörðu á Norðurlöndum og vitnar í miðaldahöfunda í þeim löndum er urðu fyrir barðinu á víkingum. Telur Magnús að neikvæð ummæli þessara höfunda hafi um of mótað skoðanir manna á víkingum fram á þennan dag.

Þegar Magnús hefur rætt víkingaöldina sagnfræðilega og landfræðilega tekur hann að skyggnast inn í hugmyndaheim víkinga. Og raunar er þessi bók hans að meginhluta norræn goðafræði. Víkur nú sögunni til Íslands því aðalheimildin verður Snorra-Edda. Rekur Magnús allnákvæmlega það sem þar segir um ásatrúna. Í augum þeirra sem vita lítið um Norðurlönd og miðaldir má þetta allt sýnast vera í sama pakkanum þar sem jú víkingar voru ásatrúar. Og skyldir eru hlutirnir, ekki er því að neita. Sé á hinn bóginn grant skoðað kemur í ljós að þarna er um tvö efni að ræða, greinilega aðskilin bæði í tíma og rúmi. Snorra-Edda var ekki skrifuð fyrr en á þrettándu öld, ríflega tveim öldum eftir að kristni var hér lögtekin og næstum jafnlöngu eftir að víkingaöld lauk. Snorri var lærður maður á sinnar tíðar vísu. En bók hans er þrettándu aldar verk og mótuð af hugmyndum manna á þeim tíma, bæði um ásatrú og annað. Í Snorra-Eddu er að vísu goðafræði, en fyrst og fremst skáldskaparfræði: goðafræðin skýrð með hliðsjón af hversu með skuli fara í kveðskap. Þess vegna fer Snorri ýtarlega í fornar goðsögur en getur ekki um á hvern hátt og af hversu mikilli sannfæring heiðnir menn tilbáðu goð sín eða sögðu þær sögur sem hann endursegir. Snorra-Edda er fyrst og fremst íslensk, telst auk þess til evrópskra miðaldabókmennta en stendur í talsverðri fjarlægð frá víkingaöld.



Magnús Magnússon

Þess má einnig geta að landnám Íslands var ekki orsök heldur afleiðing víkingaferða — það er að segja að víkingar komu hingað en fóru ekki héðan aftur heldur settust hér að og herjuðu lítið héðan. Ungir Íslendingar, sem fóru í víkingaferðir, héldu fyrst til Noregs og slógust þar í för með víkingum eða fóru slíkar ferðir þaðan á eigin vegum (ef trúa má Íslendingasögum). Íslensk menning virðist strax hafa þróast á allt annan veg en norsk eða norræn, enda þótt heimildir telji langflesta landnámsmenn hafa komið þaðan. Hefur þetta verið fræðimönnum ráðgáta. Til dæmis er engum vafa undirorpið að ásatrúin var rækt hér á nokkuð annan veg en annars staðar á Norðurlöndum. Íslendingar tignuðu Óðin og skáldskapinn, norðmenn Þór og atorkuna, svíar Frey og ástina (þó furðulegt megi teljast halda þessar þjóðir sig enn hver við sömu áráttuna þó átrúnaðurinn sé löngu niður fallinn).

Útþenslustefna víkinga var ekkert sérfyrirbæri í sögunni heldur eins og hver önnur yfirráðastefna, líkt og þvílík stefna birtist um víða veröld og á öllum tímum mannkynssögunnar; á seinni öldum þekkt undir orðinu heimsvaldastefna. Átrúnaður virðist lítil áhrif hafa á það lögmál. Því er fjarri lagi að ætla að ásatrúin hafi haft áhrif á útþenslu norrænna manna á víkingaöld fremur en t.d. múhameðstrú á landvinninga araba eða kristin trú á heimsvaldastefnu breta. Ég segi þetta ekki vegna þess að Magnús haldi slíku fram, það gerir hann auðvitað ekki. Ófróður kann þó að skilja það svo af því hvernig hann tengir þessi ólíku efni saman í bókinni.

Allt um það er þessi bók góðra gjalda verð, unnin af þekking á fornum ritum og ást á efninu. Reyni maður að setja sig í spor útlendings sem veit lítið um miðaldir og enn minna um víkinga og Norðurlönd, þar með talið Ísland, hygg ég bókina vera gagnlega, eins þótt hún sé ekki lesin spjaldanna á milli heldur aðeins skoðuð, gluggað í myndatexta og þar fram eftir götunum. Ég hef

Bókmenntir

eftir ERLEND JÓNSSON

stundum kallað bækur af þessu tagi blaðamannasagnfræði og ber ekki að skilja það eindregið neikvætt, síður en svo.

Texti Dags Þorleifssonar er nokkuð góður. Að vísu samræmist ekki minni málkennd hvernig hann lýsir stundum lengd og breidd og því um líku, t.d. þegar hann segir um knörrinn úr Hróarskeldufirði að hann hafi verið »rúmlega fimmtán og hálfur metri á lengd og hálfan fimmta meter á breidd.« Þó mér hafi láðst að strika við fleiri dæmi af því tagi má ég segja að þau komi fleiri fyrir í bókinni. Það eitt að nota sitt á hvað málvöndunarorðið »metri« og daglega orðið »meter« er ekki nógu gott. En skylt er að geta að svona útásetningsatriði blasa ekki við í bókinni.